

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 19. maí 2020.

Fundurinn var 22. fundur á starfsárinu og fundur nr. 2925 frá upphafi. Fundurinn var haldinn á Café Catalínu, kl. 17:30. 21 félagar og 2 gestir voru mættir sem gerir 83% mætingarhlutfall.

Gestir voru fyrrverandi félagar í Rótarýklúbb Kópavogs, þeir Jón Haukur Sigurðsson og Magnús Már Harðarson.

Forseti, Jón Sigurðsson setti fundinn og las upp ljóðið „Hugmynd af stofnun stjórnmalaflokks“ sem kom út 2018 eftir Helga Ingólfsson.

Eftirtaldir félagar áttu afmæli frá síðasta fundi 19. maí s.l. Ólafur Tómasson og Jóhann Árnason.

Magnús Már Harðarson var gerður að heiðursfélaga klúbbsins á þessum fundi.

3ja mínútna erindi flutti Vilhjálmur Einarsson. Erindi hans fjallaði um miðbæ Kópavogs sem til stendur að að rústa í núverandi mynd. Stofnuð hafa verið samtökin „Vinir Hamraborgar“ til að reyna að koma vitinu fyrir ráðamenn bæjarins. Reisa á m.a. 15 hæða hótél á reitnum og 13 hæða fjölbýlishús. Fram kom hjá Vilhjálmi að skuggi frá þessum háhýsum myndi ná langleiðina niður á Nýbýlaveg.

Forseti gaf næstkomandi forseta, Karli M. Kristjánssyni orðið. Karl fjallaði um komandi starfsár og næstu áskoranir klúbbsins. Hann gat þess jafnframt að hann ætlar að bjóða félögum upp í Kjós þar sem hann er sveitastjóri.

Orðið gefið laust eftir innlegg Karls.

Margir félagar tóku til máls. Fram kom að almenn ánægja er með fundarstaðinn og matinn á fundum. Ekki eru allir sáttir við fundafyrirkomulag yfir vetrarmánuðina og vilja lengingu á þeim tíma en fækkun yfir sumarið. Þá þarf að hafa tölvumál í lagi og þjálfá 3 til 5 í þeim málum. Eins og svo oft áður var fjallað um að klúbburinn er að eldast. Við þurfum að fá nokkrar konur í klúbbinn. Þá kom fram að konur hafi fengið réttinn að vera í Rótarýklúbb en kvóti þeirra er ónýttur. Það vantar um 40% konur í klúbbinn. Konur þurfa að axla ábyrgð og ganga til liðs við okkur. Einn ræðumaður nefndi að klúbburinn þyrfti svona 10 „Ingur“ til að brúa bilið. Nefnt var að auglýsa eftir konum t.d. í Kópavogsfréttum og á facebook. Þessum áskorunum var vísað til næstkomandi stjórnar.

Til máls tóku: Magnús Már Harðarson, Inga Hersteinsdóttir, Bolli Magnússon, Helgi Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Hafsteinn Skúlason, Jón Emilsson og Ásgeir Jóhannesson.

Fleira var ekki gert, farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.